




## Bollagata 8 – Fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Sveins Jónatanssonar, dags. 10. október 2023, ásamt bréfi, dags. 10. október 2023, um hækkun hússins á lóð nr. 8 við Bollagötu um eina hæð ásamt því að setja kvisti á húsið.



Kort úr borgarvefsjá



Götumynd Bollagata

## Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun íbúðarbyggð, Norðurmyri. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

## Umsögn

Eins og áður kom fram er ekki í gildi deiliskipulag en hins vegar er í auglýsingu hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi. Stefnt er að því hverfisskipulagið fyrir þennan hluta verði samþykkt fyrra hluta næsta árs. Um þakgerð og frágangs þak í Hverfisskipulaginu er sagt:

“ Heimilt er að hækka þak. Mesta hæð þaks má vera 3,6 m yfir efstu plötu. Þakgerð skal vera óbreytt. Portbygging er óheimil. Kvistir eru heimilaðir enda falli þeir að viðkomandi húsi hvað varðar byggingarstíl, stærð, form og efni. Samanlögð breidd kvista skal ekki vera meiri en 1/2 af miðlínu þaks. Gluggar í þakfleti eru heimilaðir. Þök skulu klædd bárujárni eða öðrum málm. Litaval á þökum er frjálst. Ef þak sambyggðra húsa er hækkað þarf það að gerast samtímis fyrir alla húshluta. Halda skal í steiptan þakkant. Ef þakkantur hefur verið brotinn niður, klæddur eða byggður upp nýr skal halda hlutföllum og útliti upprunalegs þakkants bæði í þykkt og dýpt. Heimilt er að tæknibúnaður fari 1,5 metra upp fyrir gefnar hámarkshæðir á þakfleti, sbr. skilmálalið um tæknibúnað. Fylgja skal leiðbeiningum hverfisskipulags um þakbreytingar. Sjá nánar skilmálalið um verndarákvæði. “

Almennar leiðbeiningar Hverfisskipulagsins um þakbreytingar er hægt að nálgast hér:  
<https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/%C3%9Eakbreytingar.pdf>

### **Niðurstaða**

Jákvætt að hækka þak og gera kvisti. Fylgja þarf leiðbeiningum hverfisskipulags þegar það er samþykkt. Samþykki meðlóðarhafa þarf að fylgja byggingarleyfisumsókn.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri